

Fundargerð

12. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.
26. apríl 2022 klukkan 13:00 í húsnæði Skipulagsstofnunar og í gegnum fjarfundabúnað.

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Arnór Snæbjörnsson (AS), Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Ásta Þorleifsdóttir (ÁP), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS), Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) og Lilja Magnúsdóttir (LM) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) og Guðrún Jensdóttir (GJ), sem ritaði fundargerð.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar:

1. Ábendingar sem komu fram á samráðsfundum.

Skipulagsstofnun hafði sent svæðisráði fundarpunkta af samráðsfundum með sveitar- og hafnarstjórnnum og samráðshópi.

HÁP fór yfir þau atriði sem komu fram á samráðsfundum og kalla á frekari úrvinnslu tillögunnar áður en hún er auglýst. Þessi atriði lúta að ákvæðum í skipulagsskilmálum og uppfærslu upplýsinga. Einnig eru staðbundin atriði sem varða nýtingarflokka í Patreksfirði, Tálknafirði, Arnafirði, Önundarfirði, Álftafirði, Ísafjarðardjúpi og Jökulfirði.

Umræður um einstaka atriði og mögulega úrvinnslu þeirra.

Svæðisráð er sammála um að Skiplagsstofnun afli frekari gagna og vinni tillögur að meðferð þessara atriða sem lagðar verða til afgreiðslu á næsta fundi ráðsins.

2. Áskorun 67. Fjórðungspings Vestfirðinga.

Umræður um áskorun Fjórðungspings Vestfirðinga um að víðtækt samráð verði haft við sveitarstjórnir og íbúa á Vestfjörðum áður en skipulagið verði endanlega afgreitt.

Svæðisráð er sammála um að á kynningartíma tillögunar verði efnt til víðtæks samráðs við sveitastjórnir og íbúa á Vestfjörðum og í því skyni verði kynningartíminn lengdur og lögð áhersla á að auðvelda íbúum og hagsmunaaðilum að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en strandsvæðisskipulag Vestfjarða verði endanlega afgreitt.

3. Vinnan framundan og næstu skref.

Formaður svæðisráðs lagði til að næsti fundur svæðisráðs yrði haldinn á Hólmanvík 24. maí. Á þeim fundi myndi svæðisráð ljúka umfjöllun um tillöguna og afgreiða breytingar á tillögunni eftir atvikum.

4. Önnur mál

Samþykkt var að fundargerð yrði send fullrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira ekki gert, fundi var slitið klukkan 16:00